

Rangárþing eystra
Þóra Björg Ragnarssdóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvelli

Garðabær, 25. september 2025
202509-0096/Á.G.
08.01

Efni: Umsögn – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020 - 2030 - Tillaga - Vindás og Litli-Mosvholl

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 15. september sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna nýrra frístundabyggðar í Vindás. Í greinargerð kemur fram breytingin gerir ráð fyrir að 12 ha svæði verði skilgreint sem frístundabyggð, þar er gert ráð fyrir sjö lóðum. Svæðið er skilgreint í dag sem landbúnaðarland (L1) og nær til Vindás, Sunnutún og Litla-Mosvholl Hólar.

Fuglalíf

Í greinargerð segir að skipulagssvæðið sé innan mikilvægs fuglalsvæðis sem nefnist Suðurlandsundirlendi sem er m.a viðkomustaður heiðargæsar og blesgæsar.¹

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um hvaða fuglategundir halda til að skipulagssvæðinu og hver áhrif tillögunnar eru á þá.

Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Þó svo svæðið sem hér er til umfjöllunar sé skilgreint sem tún vill stofnunin vekja athygli á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.²

¹ <https://www.natt.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/sudurlandsundirlendi>

² <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

Fornminjar

Náttúruverndarstofnun bendir á að fornleifaskráningu er ekki lokið á svæðinu sem um ræðir. Samkvæmt 16.gr laga nr. 80/2012 ber að standa að skráningu á fornminjum áður en gengið er frá aðalskipulagi, deiliskipulagi eða raflínu skipulagi.

Virðingarfyllst,

Ármann Guðmundsson

sérfræðingur

Axel Benediktsson

sérfræðingur